

**Nd.**

**273. Breytingartillögur**

við frv. til fjáráukalaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 2. gr. Aftan við greinina skal koma nýr liður:  
Til Guðm. L. Hannessonar bæjarfógeta á Siglufirði,  
launabót fyrir 1920 . . . . . kr. 2000,00

2. Við 3. gr. a.	Á eftir 1. lið skal koma nýr liður:	
	Heimilt skal stjórninni að verja fje til að leiða rafmagn frá orkustöðinni við Elliðaár til Vífilstaða.	
	b. Á eftir 6. lið skulu koma þessir nýir liðir:	
	I. Til rafmagnstækja handa Röntgenstofnuninni og kaupa á Finsenslömpum . . . . .	kr. 18000,00
	II. Til Sigvalda Kaldalóns læknis, alt að . . . . .	— 8000,00
	III. Til Gunnlaugs Claessens læknis, utanfararstyrkur . . . . .	— 2500,00
	IV. Til Jóns Kristjánssonar læknis, styrkur til utanfarar og áhaldakaupa . . . . .	— 2500,00
3. — 4. — a.	Á undan 1. lið skulu koma tveir nýir liðir:	
	I. Til Jóns Straumfjörðs dyravarðar pósthússins, launabætur árið 1920. . . . .	— 500,00
	II. Til undirbúnings endurbyggingar Holtavegarins, gegn því, að Rangárvallasýsla leggi fram $\frac{1}{2}$ kostnaðar . . . . .	— 7000,00
	b. Á eftir 11. lið koma þessir nýir liðir:	
	I. Til endurbyggingar og endurbóta á Arnarnesvita við Ísafjarðardjúp . . . . .	— 20000,00
	II. Til breytinga og aðgerða á Elliðaeyjarvita . . . . .	— 25000,00
	III. Til endurbyggingar vitans í Sandgerði . . . . .	— 10000,00
	IV. Til Gests Guðmundssonar, vitavarðar við Arnarnesvitann, lífeyrir sökum meiðsla við vinnu í þarfir starfsins . . . . .	— 400,00
4. — 5. — a.	Á eftir 2. lið skulu koma tveir nýir liðir:	
	I. Launabætur Ólafs Rósenkranz dyravarðar fyrir 1920. . . . .	— 700,00
	II. Dýrtíðarbætur til háskólaritara . . . . .	— 600,00
	b. Á eftir 7. lið skal koma nýr liður:	
	Launabætur til kennaranna Sigurbjörns Á. Gíslasonar og Guðmundar Kristjánssonar fyrir 1920 . . . . .	— 4400,00
	c. Á eftir 13. lið skulu koma þessir nýir liðir:	
	I. Til unglingskólans í Hjarðarholti. . . . .	— 3000,00
	II. — Hvítárbakkaskólans, viðbótarstyrkur. . . . .	— 3000,00
	III. — Flensborgarskólans, viðbótarstyrkur. . . . .	— 5450,00
	d. Á eftir 14. lið skal koma nýr liður:	
	Kenslu- og utanfararstyrkur blindrar stúlku, . . . . .	— 1000,00
	gegn því, sem til vantar, annarsstaðar frá.	
5. — 6. — a.	Á eftir 1. lið skal koma nýr liður:	
	Til alþýðubókasafns í Reykjavík . . . . .	— 2000,00
	b. Á eftir 8. lið skal koma nýr liður:	
	Til Einars Jónssonar, dýrtíðarbót fyrir 1921 . . . . .	— 2060,00
	c. Á eftir 11. lið skulu koma þessir nýir liðir:	
	I. Til Kristínar Jónsdóttur málara, til Rómafarar. . . . .	— 1000,00
	II. Til Ríkharðs Jónssonar, til Rómafarar . . . . .	— 1000,00
	d. Á eftir 21. lið skal koma nýr liður:	

	Styrkur til útgáfu Prestafjelagsritsins . . . . .	kr. 1000,00
6. Við 7. gr. a.	Á eftir 4. lið skulu koma þessir nýir liðir:	
	I. Til Búnaðarfjelagsins, til verkfærasýningar . . . . .	— 20000,00
	II. Til Einars Sæmundssonar skógarvarðar, launa- bætur fyrir 1920 . . . . .	— 440,00
	b. Á eftir 6. lið skal koma nýr liður:	
	Til heimilisiðnaðarsýningar í Reykjavík . . . . .	— 2000,00
	c. Á eftir 11. lið skal koma nýr liður:	
	Til aðstoðarmanns húsagerðarmeistara 1921 . . . . .	— 8312,50
7. — 10. —	Á eftir greininni skal koma ný grein:	
	Heimilt skal stjórninni að verja fje til að leggja slitlag úr efninu »Terrazzo« á gólfín í lista- safnhúsi Einars Jónssonar, í Safnahús ríkisins og aðrar opinberar byggingar, eftir því sem þörf þykir.	